

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

18. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal, 7. hæð Borgartúni 12-14 föstudaginn 8.maí 2009, kl. 12.00.

Mættir voru eftirtaldir nefndarmenn:

Frá Reykjavíkurborg:	Júlíus Vífill Ingvarsson
Frá Kópavogsbæ:	Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson
Frá Hafnarfirði:	Gísli Ó. Valdimarsson
Frá Garðabæ:	Stefán Konráðsson og Eyþór Þórhallsson
Frá Mosfellsbæ:	Finnur Birgisson
Frá Seltjarnarnesi:	Stefán Bergmann
Frá Álftanesi:	Kristinn Guðlaugsson
Frá Kósarhreppi:	Sigurbjörn Hjaltason

Enn fremur sátu fundinn Birgir H. Sigurðsson og Smári Smáráson frá Skipulags- og umhverfissviði Kópavogsbæjar, Haraldur Sigurðsson frá Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdstjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Júlíus Vífill Ingvarsson setti fund og gengið var til dagskrár:

Þetta gerðist.

1. mál. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda

2. mál. Erindi Kópavogsbæjar vegna breytingar á svæðisskipulagi í Kársnesi – vestur

Fyrir fundinum lá erindi Kópavogsbæjar dags. 8. maí 2009 þar sem þess er farið á leit við Samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Kársnes - vestursvæði hljóti staðfestingu nefndarinnar skv. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, og verði send Skipulagsstofnun og endanlegrar afgreiðslu og staðfestingar ráðherra. Fyrir fundinum lágu þau svör aðildarsveitarfélaga og aðliggjandi sveitarfélaga sem bárust í kjölfar bréfs sem þeim var sent var 2. mars sl. eftir afgreiðslu nefndarinnar á fundi hennar 27. febrúar 2009

Farið var yfir fyrirbyggjandi gögn og þau rædd

Formaður óskaði því næst eftir afstöðu nefndarmanna til erindis Kópavogsbæjar um að tillagan verði afgreidd til Skipulagsstofnunar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Afgreiðsla:

Nefndin var sammála um að með framangreindri málsmeðferð teljist tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Kársnes – vestur samþykkt sbr. ákvæði 13. greinar skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997. Samþykkt samhljóða að senda samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar til lokaafgreiðslu í samræmi við ákvæði 4 mgr. 13. greinar laganna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:40